

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Reyðarfjörður (ytra svæði)



Dags eftirlits	15.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sandra Eiðsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Ísak Örn Guðmundsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram í eftirlitinu, skv. starfsleyfi skal rekstraraðili tilkynna Umhverfis- og orkustofnun hvenær áformað er að seiði verði sett út í kvíar, með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna. Rekstraraðili sendi ekki tilkynningu til Umhverfis- og orkustofnunar áður en sett var út í kvíar í Hafranesi. Engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í utanverðum Reyðarfirði. Fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í utanverðum Reyðarfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 17. mars 2020, breytt þann 23. júní 2022 og gildir til 17. mars 2036. Starfsleyfið tekur til eldis á laxi í utanverðum Reyðarfirði að hámarki 10.000 tonn af lífmassa á hverjum tíma.

Dagskrá eftirlits

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti.

Ekkert frávík kom fram í eftirlitinu árið 2024 en ein ábending var gerð: Vöktunaráætlun hafði ekki verið uppfærð og var rekstraraðila bent á að vöktunaráætlun samþykkt af eftirlitsaðila skyldi vera til staðar. Vöktunaráætlun barst stofnuninni 28. janúar sl. og er í yfirlstri hjá Umhverfis- og orkustofnun. Engin eldri frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram.

- Eftirlitsmælingar og skráningar.

Ársyfirliti og umhverfisupplýsingum var skilað inn 30. apríl sl.

Skýrslur vegna rannsókna á botnseti (MOM B) við Vattarnes í Reyðarfirði, við hámarkslífmassa, bárust Umhverfis- og orkustofnun 15. september sl. Skýrslan var gefin út í október 2024.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits 2026 var sent rekstraraðila. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti.

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olúskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

- Önnur mál.

Engin önnur mál voru bókuð.

- Skoðunarferð.

Farið var í skoðunarferð í kvíar og pramma á Hafranesi. Engin frávik komu fram og engar ábendingar settar fram.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
------------	------------------

Gr. 3.2 í starfsleyfi

Tilkynna þarf Umhverfis- og orkustofnun hvenær áformað er að seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um niðurstöður vöktunar á eldissvæðunum.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.11.2025

Sigr. Keistinsd

Sigríður Kristinsdóttir